



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

# TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisölfraði

2. árg. 1. tölublað. Janúar 2008.

## EFNI:

Landakort með heilbrigðisstofnunum **bls. 1**

Heilsuvísar á vefnum **bls. 1**

Tilmæli um lágmarksskráningu samskipta utan sjúkrahúsa **bls. 2**

## Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir  
Matthías Halldórsson  
Svanhildur Þorsteinsdóttir

## Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
HEILBRIGÐISÖLFRAÐISVIÐ

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Brefasími: 510 1919

Neffang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## LANDAKORT MEÐ HEILBRIGÐISSTOFNUNUM

Landlæknisembættið hefur unnið kort sem sýna dreifingu heilbrigðisstofnana á landinu og skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi, samanber áður útgefið kort á vef embættisins. Þrjú kort hafa verið útbúin sem sýna stofnanir með mismunandi þjónustustig. Í fyrsta lagi er um að ræða kort sem sýnir staðsetningu heilsugæslustöðva og heilsugæsluselja (útibú heilsugæslustöðva). Annað kort sýnir staðsetningu stofnana með hjúkrunarrými og ber þá að nefna að í sumum tilvikum eru þar einnig annars konar rými, t.d. dvalarrými og dagvistarrými. Þriðja kortið sýnir loks staðsetningu stofnana sem sinna sjúkráhusþjónustu í einhverri mynd.

Þess ber að geta að hér er ekki um að ræða tæmandi yfirlit yfir allar stofnanir á

landinu. Ýmsar sérhæfðar stofnanir hafa ekki verið kortlagðar.

*Svanhildur Þorsteinsdóttir*



Kort 1. Heilsugæslustöðvar og heilsugæslusel. Kort 2. Stofnanir með hjúkrunarrými. Kort 3. Sjúkrahúsþjónusta. Smellið á myndirnar til að skoða stærri kort.

## HEILSUVÍSAM Á VEFNUM

Ákveðið hefur verið að hefja árlega birtingu heilsuvísa á vef Landlæknisembættisins. Þar verður birt yfirlit yfir stöðu heilbrigðismála á Íslandi í samanburði við nokkur önnur aðildarlönd Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, auk meðaltals allra OECD-ríkja. Löndin sem hafa verið valin til samanburðar eru fimm, Noregur, Ungverjaland, Kanada, Nýja-Sjáland og Japan, en tölfræðin er fengin úr gagnasafni OECD.

Áætlað er að yfirlitið verði endurskoðað og uppfært árlega. Fyrsta yfirlitið er að finna á vefsíðunni [Heilsuvísar](#).

### Hvað eru heilsuvísar?

Heilsuvísar eru skilgreindir mælikvarðar sem varpa ljósi á árangur og afköst í heilbrigðisþjónustu svo og nýtingu fjárfram-

*Framh. bls. 2*

*Heilsuvísar eru skilgreindir mælikvarðar sem varpa ljósi á árangur og afköst í heilbrigðisþjónustu svo og nýtingu fjárframlaga til heilbrigðismála.*

laga til heilbrigðismála. Ennfremur má nýta þá til þess að bera lönd saman hvað þessa þætti varðar.

Efnahags- og framfarastofnunin hefur haft forystu í því að skilgreina og birta heilsuvísar. Stofnunin starfrækir gagnagrunna á vefsetri sínu og birtir þar tölu- legar upplýsingar sem safnað hefur verið frá aðildarlöndunum þrjátíu. Val á mælikvörðum til alþjóðasamanburðar byggir aðallega á þremur þáttum, mikilvægi þeirra fyrir áætlanagerð, hversu aðgengi- legir þeir eru og hversu samanburðarhæfir.


OECD hefur nýverið gefið út á prenti skýrsluna *Health at a Glance 2007: OECD Indicators*. Þar eru birtir heilsuvísar fyrir aðildarlöndin, auk meðaltals OECD-landanna. Þessar upplýsingar eru sambærilegar þeim sem aðgengilegar eru á vef stofnunarinnar, þ.e. lýðfræðilegar breytur, upplýsingar um heilsufar og áhrifaþætti heilsu, notkun og úrræði í heilbrigðisþjónustu og fjármögnun hennar. Í skýrslunni fyrir árið 2007 eru enn fremur í fyrsta sinn birtir svokallaðir gæðavísar, en með þeim er leitast við að varpa ljósi á gæði heilbrigðisþjónustunnar. Þess má geta að í síðasta tölublaði *Talnabrunns* var fjallað um gæðavísar í heilbrigðisþjónustunni.

*Megintilgangur með tilmælunum er að staðla skráningu í heilbrigðisþjónustu.*

## TILMÆLI UM LÁGMARKSSKRÁNINGU SAMSKIPTA UTAN SJÚKRAHÚSA


Önnur útgáfa [tilmæla landlæknis um lágmarksskráningu](#) á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum kom út á vef Landlæknisembættisins nú í janúar 2008. Fyrsta útgáfa tilmælanna kom út árið 2002, en nýja útgáfan mun að líkindum fá stöðu fyrirmæla landlæknis sem heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum verður þá skylt að fylgja.

Megintilgangur með tilmælunum er að staðla skráningu í heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan sjúkrahúsa. Tilmælunum er ætlað að styðja við lög um landlækni, nr. 41/2007 sem kveða á um að hlutverk landlæknis sé m.a. að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, að fylgjast



Mynd 1. Brjóstakrabbamein.

Hlutfall kvenna á lífi fimm árum eftir greiningu.



Mynd 2. Lungnakrabbamein. Aldursstöðluð dánartíðni eftir kyni.

Við samanburð á alþjóðlegri tölfræði ber alltaf að slá þann varnagla að nokkur munur getur verið á skilgreiningum sem að baki liggja. Því er mikilvægt að líta á skilgreiningar þegar rýnt er í slíkar tölur.

Myndirnar tvær hér að ofan eru dæmi um myndræna framsetningu á heilsuvísunum.

*Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir*